

Til stjórnar Gildis lífeyrissjóðs

Björgvin Jón Bjarnason, formaður
Stefán Ólafsson, varaformaður

Reykjavík 19. september 2023

Nýverið samþykkti stjórn Íslandsbanka að greiða 1.160.000.000 krónur í ríkissjóð á grundvelli athugasemda fjármálaeftirlitsins á háttsemi Íslandsbanka við veitingu fjárfestingarþjónustu í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2023.

[„Samkomulag um að ljúka máli með sátt“](#)

Eftirmálar hafa m.a. orðið þeir að skipt var um stjórn yfir bankanum, bankastjórinn óskaði lausnar og e-r starfsmenn höfðu sama háttinn á.

Íslandsbanki hf er á hlutabréfamarkaði og lítur því lögum um hlutafélög [nr. 2/1995](#). Í 15. kafla þeirra er fjallað um skaðabætur. Greinar 134 og 135 orðast svo:

„134. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

135. gr.

Ákvörðun um að félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu, sbr. 134. gr., skal tekin á hluthafafundi.

Hafi hluthafafundur gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða felld tillögur um að beita fébótaábyrgð geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst [1/10] heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfuna vegna félagsins og í nafni þess. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi. Þó geta málshefjendur krafist að kostnaður sé greiddur af félaginu allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða um að beita ekki fébótaábyrgð er ekki bindandi fyrir þrotabú félagsins ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni.

Það er hafið yfir allan vafa að með samþykki stjórnar Íslandsbanka á sektargreiðslu vegna athugasemda fjármálaeftirlitsins fellst viðurkenning á að reglum var ekki fylgt. Bankinn hafi brotið lög um markaði fyrir fjármálagerninga við útboð á 22,5% hlut ríkisins.

Gengi bréfa í Íslandsbanka við lokun markaðar föstudaginn 17. mars var 120,6. Fjórum mánuðum síðar var það komið niður í 109,0 og nú stendur gengi bankans í 111,0. Markaðsvirði bankans er nú 221,2 milljarðar, lækkað um 19 milljarða frá því salan fór fram. Verðmæti hlutar Gildis lífeyrissjóðs hefur því lækkað um 1,5 milljarða. Í þessu birtist tjón lífeyrissjóðsins sem hluthafa í Íslandsbanka.

Þá er jafnframt ljóst að Íslandsbanki sjálfur hefur einnig orðið fyrir tjóni þar sem viðskiptavild hans hefur beðið hnekkji. Það birtist m.a. í því að nokkur stéttarfélög, sem telja þúsundir félagsmanna, hafa hætt viðskiptum við bankann. Í þessu birtist tjón á eignum og rekstri Íslandsbanka, sem eðli máls samkvæmt endurspeglast líka í verðgildi félagsins, sbr. umfjöllun hér á undan.

Þar sem engar fregnir hafa borist um greiðslur frá fv. stjórnendum telur undirritaður einsýnt að grípa skuli til ákvæðis í 135. gr. eða annarra úrræða á sviði skaðabótareglna.

Eignarhlutur Gildis í Íslandsbanka er 7,92% og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 6,54%. Samanlagður eignarhluti þeirra og sex annarra lífeyrisjóða er 32,01%.

Þess er hér með farið á leit við stjórn Gildis lífeyrissjóðs að óska eftir hluthafafundi Íslandsbanka hf. þar sem óskað verður eftir heimild til að gera skaðabótakröfu í nafni félagsins á hendur fv. stjórn og stjórnendum vegna tjóns er þeir ollu félaginu og hluthöfum. Eftir atvikum verði málið tekið upp við stjórnir annarra lífeyrissjóða og aflað greinargerðar um skaðabótaréttarlega stöðu og nánara efni tillögu sem lögð yrði fyrir hluthafafund.

Virðingarfyllst



Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátæigenda,
sjóðfélagi og í fulltrúaráði Gildis.

Afrit sent til formanna
aðildarfélaga Gildis